



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MAHLER OG DEBUSSY

21. FEBRÚAR
2020



VELKOMIN

Tónleikarnir eru teknir upp af RÚV og verða sendir út á Rás 1 fimmtudaginn 27. febrúar nk.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd:

D'un matin de printemps: 16'

Söngvar: 23'

Hlé: 20'

Sea Interludes: 18'

La mer: 24'

Þýðingar söngtexta eru á bls. 10.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Aðalstyrktaraðili

GAMMA

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

FÖS 21 FEB 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

MAHLER OG DEBUSSY

Sinfóníuhljómsveit
Íslands

Hannu Lintu
hljómsveitarstjóri

Michelle DeYoung
einsöngvari

EFNISSKRÁ

Lili Boulanger

D'un matin de printemps (*Vormorgunn*, 1918)

Gustav Mahler

Söngvar úr Des Knaben Wunderhorn (1892–1901)

Wer hat dies Liedlein erdacht?

Wo die schönen Trompeten blasen

Des Antonius von Padua Fischpredigt

Urlicht

Der Schildwache Nachtlied

Hlé

Benjamin Britten

Fjórar sjávarmyndir úr Peter Grimes (1945)

Dawn (*Dagrenning*) –

Sunday Morning (*Sunnudagsmorgunn*) –

Moonlight (*Mánaskin*) –

Storm (*Ofviðri*)

Claude Debussy

La mer (*Hafið*, 1903–1905)

De l'aube à midi sur la mer (*Frá döggun til hádegis við hafði*)

Jeux de vagues (*Ölduleikur*)

Dialogue du vent et de la mer (*Samtal vindsins og hafsins*)

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



HANNU LINTU

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Hannu Lintu fæddist í Finnlandi árið 1967. Hann er nú aðalstjórnandi Finnsku útvarpshljómsveitarinnar í Helsinki, en hefur áður gegnt slíkri stöðu við Fílharmóníusveitina í Tampere auk þess sem hann var aðalgestastjórnandi Írsku Þjóðarsinfóníunnar. Í janúar 2022 tekur hann við stöðu aðalstjórnanda Finnsku Þjóðaróperunnar og -ballettsins í Helsinki.

Lintu lærði selló- og píanóleik við Sibeliusar-akademíuna í Finnlandi og hljómsveitarstjórn hjá Eri Klas og Jorma Panula. Árið 1994 bar hann sigur úr bytum í Norrænu stjórnanda-keppninni í Bergen og síðan hefur hann stjórnað mörgum helstu hljómsveitum Norðurlanda, m.a. Fílharmóníunni í Bergen, Dönsku útvarpshljómsveitinni og Konunglegu fílharmóníunni í Stokkhólmi. Hann hefur auk þess stjórnað víða í Bandaríkjunum, meðal annars Fílharmóníusveitinni í Los Angeles, og sinfóníuhljómsveitunum í Boston, Chicago, Pittsburgh, St. Louis og Washington D.C. Þá hefur hann stjórnað m.a. í Malasíu, Japan, Nýja-Sjálandi og Ástralíu.

Lintu hefur stjórnað ótal óperuuppfærslum, meðal annars *Carmen* eftir Bizet, *Töfraflautu* Mozarts og *Tristan og Ísold* eftir Wagner við Finnsku Þjóðaróperuna við miklar vinsældir. Í fyrra stjórnaði hann einnig *Wozzeck* eftir Alban Berg við sama óperuhús. Hann hefur hljóðritað fyrir Ondine, Hyperion og Naxos, meðal annars tónlist eftir Einojuhani Rautavaara og Kaiju Saariaho, en einnig verk eftir Mendelssohn, Tsjajkovskíj og Messiaen. Einn diska hans var tilnefndur til Grammy-verðlauna árið 2011 og tveir hafa verið tilnefndir til *Gramophone*-verðlauna.

Lintu hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands nokkrum sinnum áður. Þar má nefna að hann var við stjórnvölinn þegar allar sinfóníur Beethovens voru fluttar á fyrsta starfsári hljómsveitarinnar í Hörpu, en síðast stjórnaði hann hljómsveitinni í febrúar 2016, þegar á efnisskránni voru *Alt-rapsódía* eftir Brahms og fimmta sinfónía Bruckners.



MICHELLE DEYOUNG

EINSÖNGVARI

Bandaríska mezzósópransöngkonan Michelle DeYoung hefur um árabíl verið meðal þeirra fremstu á heimsvísu í sínu fagi. Hún vakti fyrst athygli þegar hún vann keppni Metropolitan-óperunnar fyrir unga söngvara árið 1992. Premur árum síðar hlaut hún Marian Anderson-verðlaunin og síðan þá hefur hún sungið við flest helstu óperuhús heims. Þar má nefna Metropolitan-óperuna í New York, La Scala í Mílanó, Lyric Opera í Chicago og Þjóðaróperuhúsin í Berlín og París, auk þess sem hún hefur komið fram á tónlistarhátiðunum í Bayreuth og Salzburg. Sérstaklega þykir hún skara fram úr sem túlkandi Wagner-hlutverka, til dæmis sem Fricka, Sieglinde og Waltraute í *Niflungabringnum*, Brangäne í *Tristan og Ísold* og Kundry í *Parsifal*, en hún hefur einnig sungið m.a. hlutverk Jóköstu í *Oedipus Rex* eftir Stravinskíj og Júdit í *Kastala Bláskeggs* eftir Bartók. Þá hefur hún frumflutt verk eftir ýmis samtímatónskáld, meðal annars Tan Dun, John Adams og Elliot Carter.

DeYoung hefur sungið inn á fjölmargar plötur, meðal annars Dídó í *Les Troyens* eftir Berlioz undir stjórn Sir Colin Davis sem hlaut tvönn Grammy-verðlaun árið 2001, sínfóníu nr. 3 eftir Mahler með Sínfóníuhljómsveitinni í San Francisco (sem einnig vann til Grammy-verðlauna), og tvær sínfóníur Leonards Bernstein með BBC-hljómsveitinni undir stjórn Leonards Slatkin. Nýverið söng DeYoung *Das Lied von der Erde* eftir Mahler með Fílharmóníusveitinni í New York undir stjórn Gustavos Dudamel. Meðal tónleika sem framundan eru hjá söngkonunni er flutningur á þriðja þætti *Tristans og Ísoldar* með Sínfóníuhljómsveitinni í Boston og Andris Nelsons, meðal annars í Carnegie Hall, og hlutverk Júdit í *Kastala Bláskeggs* með Þjóðarhljómsveit Frakklands í París. Þetta er í fyrsta sinn sem hún kemur fram á Íslandi.



LILI BOULANGER

D'UN MATIN DE PRINTEMPS

Lili Boulanger (1893–1918) var eitt efnilegasta tónskáld Parísarborgar á fyrstu árum 20. aldar. Faðir hennar var sjálfur tónskáld og kennari við tónlistarháskólann, og eldri systir hennar, Nadia, varð síðar einn dádasti tónlistarkennari Frakklands. Það var tónskáldið og fjölskylduvinurinn Gabriel Fauré sem uppgötvaði þegar Lili var aðeins tveggja ára gömul að hún hafði óbrigðula tónheyrn, og hún var rétt orðin fimm ára þegar hún fékk að fylgja systur sinni í kennslustundir við tónlistarháskólann. Árið 1912 hlaut hún þar fulla skólagöngu og hreppti Rómaverðlaunin ári síðar, aðeins nítján ára gömul, fyrir kantötuna *Fást og Helen*. Hún var fyrsta konan til að vinna þau sögufrægu verðlaun, en þeim fylgdu þriggja ára starfsdvöl í Róm og meðal þeirra sem áður höfðu hlotið þann heiður má nefna Berlioz, Bizet og Debussy.

Lili Boulanger naut því miður aldrei hæfileika sinna til fulls. Hún hafði glímt við heilsubrest frá því að hún sýktist af berkju-lungnabólgu í barnæsku og þar sem veikindin tóku sig upp í Róm varð dvölin þar skemmri en ætlað var. Hún lést aðeins tuttugu og fjögurra ára gömul og má fullyrða að hún hefði orðið eitt áhugaverðasta tónskáld Frakklands á 20. öld hefðu örlögin ekki verið henni andsnúin. Hún hafði meðal annars í smíðum óperu, *La Princesse Maleine* (eftir samnefndu leikriti Maeterlincks), sem lá ófullgerð við andlát hennar. Eitt síðasta verkið sem Lili samdi var *D'un matin de printemps*, glæðvær og á köflum íhugul vorstemning sem vitnar um bæði framúrskarandi hæfileika og sjálfstæða rödd, þótt greina megi áhrif frá bæði Fauré (sem var tónsmíðakennari hennar) og Debussy.

Þess má til gamans geta að þótt verk Boulanger hafi ekki hljómað á Íslandi fyrir en löngu síðar birtist frásögn um hana í *Kvennablaðinu*, sem Bríet Bjarnhéðinsdóttir gaf út, í september 1913 undir yfirskriftinni „Framfarir í kvenréttindamálum.“ Þar segir meðal annars: „Af því margir fullyrða að konur skari aldrei fram úr í neinni grein, þá skulu hér taldar upp nokkrar konur, sem skarað hafa fram úr í ýmsum greinum nú á síðari árum og fengið hafa viðurkenningu frá ýmsum „æðri skólum“. Nú er skrifað frá París, að Mlle. Lili Boulanger hafi í ár unnið stóru Róma-verðlaunin — „Grand prix de Roma“ — fyrir hátíðaflokkssönglög — *cantate* — sem hún hafði búið til. Stóru Róma-verðlaunin veita þeim, sem fá þau, rétt til að búa á kostnað franska ríkisins 3 ár í Róm, í villu sem franska ríkið á Monte Pincio.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verk eftir Lili Boulanger. Áður hafa hljómað hér á landi nokkur einleiks- og kammerverk hennar, sem og sönglög, meðal annars söngvaflokkurinn Clairières dans le ciel, sem Gunnar Guðbjörnsson og Jónas Ingimundarson fluttu árið 1997 og Angela Spohr og Þóra Friða Sæmundsdóttir tveimur árum síðar.



GUSTAV MAHLER

SÖNGVAR ÚR DES KNABEN WUNDERHORN

Gustav Mahler (1860–1911) var eitt mesta símfóníuskáld sögunnar en hann samdi líka fjölda sönglaga. Í verkum hans fléttast einmitt saman með ýmsu móti sönglög og hin símfóníska vídd. Í fyrstu fimm símfóníum sínum vísaði hann til dæmis til eða notaði með beinum hætti sönglög sem höfðu orðið til fáeinum árum fyrr í öðru samhengi.

Des Knaben Wunderhorn er heiti á safni þýskra þjóðkvæða sem Achim von Arnim og Clemens Brentano gáfu út árið 1805. Líkt og margir þjóðfræðasafnarar 19. aldar fóru Arnim og Brentano frjállega með efniviðinn. Báðir voru þeir skáld og ýmist lagfærðu það sem þeim þótti mega fara betur eða ortu inn á milli sín eigin kvæði í þjóðlegum stíl. *Des Knaben Wunderhorn* naut mikillar hylli og fjöldi tónskálda samdi lög við kvæðin, allt frá Schubert til Brahms, en enginn sótti þó þangað innblástur í sama mæli og Mahler. Eflaust hefur tilfinningabreidd ljóðanna höfðað til hans, því að þau spanna allt frá ástarsorg til stríðsátaka, eru ýmist kaldhæðin, bitur, glaðvær eða íhugul, rétt eins og tónlistin sem hljómaði í höfði hans.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Símfóníuhljómsveitin hefur aðeins einu sinni áður flutt söngva úr *Des Knaben Wunderhorn* í hljómsveitarútsetningu, með Camillu Tilling í Eldborg 2011. Löggin hafa margsinnis hljómað hér á landi með pianómeðleik, m.a. á tónleikum Kristins Sigmundssonar og Jónasar Ingimundarsonar í Þjóðleikhúsinu 1998, og Rannveigar Friðu Bragadóttur og Gerrits Schuil í Kirkjuhvöli í Garðabæ sama ár.

Mahler samdi níu lög við *Wunderhorn*-kvæði á árunum 1887–90, fyrir söngródd og píanó. Fram til ársins 1901 samdi hann fimmtán til viðbótar, sem öll eru með hljómsveitarundirleik. Premur þeirra fann hann á endanum stað í símfóníum sínum, en hin tólf standa saman sem eins konar óformlegur ljóðaflokkur. Mahler ákvað aldrei endanlega röð laganna og oftast en ekki velja söngvarar þau sem henta best eigin raddgerð fremur en að reyna við flokkinn í heild. Þannig er það einmitt á tónleikum kvöldsins; hér hljómar úrval laga sem Michelle DeYoung valdi sjálf með tilliti til raddgerðar sinnar.

Ólíkt fyrstu *Wunderhorn*-lögnum var seinni sveigur Mahlers frá upphafi hugsaður fyrir hljómsveit; öll hugsunin er símfónísk hvað varðar litbrigði og áferð. Tvö laganna urðu síðar efniviður í símfóníu Mahlers nr. 2, fiskiræða heilags Antoníusar og hið ægifagra *Urlicht* sem hljómar á tónleikum kvöldsins. *Wer hat dies Liedlein erdacht?* er í sveitastíl en furðuerfitt í söng þótt það hljómi einfalt. *Wo die schönen Trompeten blasen* lýsir kveðjustund stúlku og elskhuga hennar sem er á leið í stríð. Ekki er fyllilega ljóst hvort hann vitjar hennar lífs eða liðinn, en Mahler gerir skýran greinarmun í tónsetningu sinni á lúðraþypti vígvallarins og blíðari ástarhótum stúlkunnar. Í *Der Schildwache Nachtlied* er sögu sviðið einnig tengt hernaði; hér á vakthafandi hermaður erfitt með að standast blíðuhót stúlku einnar.



BENJAMIN BRITTEN

FJÓRAR SJÁVARMYNDIR ÚR PETER GRIMES

Benjamin Britten (1913–1976) var eitt mesta óperuskáld 20. aldar. Fá tónskáld á síðari hluta aldarinnar helguðu sig þeirri grein af slíkri einurð sem hann, og enginn annar óperuhöfundur 20. aldar – að Richard Strauss undanskildum – á jafnmörg verk á fastri verkaskrá óperuhúsa um allan heim. Tónlist þeirra Strauss og Brittens er ólík um margt en þó má segja að Britten hafi á sinn hátt verið arftaki eldri höfundarins, því að síðasta ópera Strauss var frumsýnd árið 1942 en *Peter Grimes*, fyrsta stóra ópera Brittens, var færð upp í fyrsta sinn vorið 1945. Úr henni dró Britten síðar fjóra hljómsveitarþætti sem mynda svítuna *Four Sea Interludes* eða Fjórar sjávarmyndir, sem hljóma í kvöld.

Í óperunni *Peter Grimes* kannaði Britten viðfangsefni sem voru honum hugleikin allan hans feril: stöðu einstaklings í samfélaginu og mörk sakleysis og sektar. Í ensku sjávarþorpi býr fiskimaður að nafni Peter Grimes; hann er klaufskur, ólánsamur og í ójafnvægi hvað tilfinningarnar snertir, og hann ber að einhverju leyti ábyrgð á hörmulegri atburðarás þegar aðstoðarmenn hans tyna lífinu hver á eftir öðrum. Grimes er hvorki hetja né skúrkur heldur fávíst fórnarlamb aðstæðna, ekki ósvipað Wozzeck í samnefndri óperu Albans Berg. Britten gefur í skyn að harmræn framvindan sé ekki síður knúin áfram af dómhörðum múg íbúa sjávarþorpsins, sem tekur jafnvel lögin í sínar hendur – með skelfilegum afleiðingum.

Einsöngvarar og kór bera verkið vitaskuld uppi en hljómsveitin á stóran þátt í áhrifum þess, ekki síst með viðamiklum millipáttum sem eru eins konar stemningsmyndir af sjávarþorpi, hafi og aftakaveðri. Upphafið lýsir kyrrlátri dögum í smábæ við ströndina; næsti þáttur (Sunnudagsmorgunn) er hressilegur inngangur að 2. þætti óperunnar, þegar flestir þorpsbúar ganga í guðshús. Þriðji þáttur er eins konar hikandi sálmalag, en í hinum fjórða lýsir Britten með áhrifamiklum hætti fárviðri sem geisar á hafi úti og reynist afdrifaríkt fyrir framvindu sögunnar.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fimm sinnum áður flutt *Sea Interludes* í heild. Þær hljómuðu undir stjórn Páls P. Pálssonar 1957 og 1967, Jean-Pierre Jacquillat stýrði þeim árið 1985, Frank Shipway árið 1991 og Petri Sakari fjórum árum síðar. Þess má einnig geta að óperan *Peter Grimes* var flutt á Listahátíð í Reykjavík 2015, í samstarfi Íslensku óperunnar, Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Daníels Bjarnasonar.



CLAUDE DEBUSSY

LA MER

Það lá vel fyrir impressjónistum að túlka í list sinni vatn í hinum ýmsum birtingarmyndum. Málverkið sem varð til þess að Claude Monet hlaut viðurnefnið „impressioniste“ – í neikvæðri merkingu – var *Soleil levant*, þar sem tveir bátar sjást vagga í höfninni í Le Havre með rísandi sól í bakgrunni. Maurice Ravel samdi gosbrunnastykkið *Jeux d'eau* og í upphafsþætti *Gaspard de la Nuit* lýsir hann vatnadísinni Ondine sem syndir um höfin blá og tælir menn með dulúðlegum söng.

Claude Debussy (1862–1918) túlkaði einnig vatn og haf í verkum sínum, meðal annars hina sömu Ondine í einni af píanóprelúdíum sínum. Kunnasta verk hans af þessum toga er þó *La mer*. Hann festi fyrstu taktana á blað árið 1903 í sumarleyfi í Búrgúnd, í Frakklandi miðju, fjarri ströndum og hafi. Debussy byggði verk sitt á óræðum minningum um hafið fremur en raunverulegri upplifun, og honum þótti gagnrýnandinn Pierre Lalo hafa misskilið sig fullkomlega þegar hann ritaði í blaðadómi að hann hefði „hvorki séð né fundið angan af hafinu“ í tónlist Debussys. Því fór fjarri að Debussy hefði ætlað að semja nákvæma eftirlíkingu heldur vildi hann vekja þau hughrif sem hafið kallar fram – eins og sönnum impressjónista sæmði.

La mer er hið mikilfenglegasta af hljóm sveitarverkum Debussys, og það eina sem viðheldur tengslum við hefðbundnar formvenjur. Undirtitillinn er „Þrjár símfónískar skissur“ og má segja að Debussy hafi aldrei komist nær því að semja símfóníu en hér. Frumflutningurinn árið 1905 þótti takast illa og bæði flytjendur og áheyrendur létu sér fátt um finnast. Ekki leið þó á löngu þar til verkið var viðurkennt sem eitt mesta hljóm sveitarverk sinnar tíðar. Í ævisögu Svjatoslavs Richter er vitnað í orð hans þegar hann hafði hlýtt á eftirlætishljóðritun sína af verkinu, undir stjórn Rogers Désormière: „*La mer* enn á ný, ég þreytist aldrei á að heyra það, að hugleidda það og anda að mér stemningu þess. Og hvert skipti er eins og í fyrsta sinn! Ráðgáta, kraftaverk, einskærir töfrar!“

Upphafspáttur verksins hefst á veikum og blíðum sjávarniði. Öldugangurinn verður smám saman ákafari en síðan lygnir á ný. Miðkaflinn er hraðasti og flóknasti hluti verksins. Veik, loftkennd og dulúðleg hljóm sveitarútsætningin á stóran þátt í áhrifunum og tónlistin hreinlega gufar upp að endingu. Í lokapættinum laðar Debussy svo fram ógnarkrafta hafsins.

Arni Heimir Ingólfsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Bandaríski hljóm sveitarstjórinn George Cleve stjórnaði Sinfóníu-hljóm sveitinni þegar hún flutti *La mer* í fyrsta sinn á Íslandi haustið 1971. Næstu fjögur skiptin voru það aðalhljóm sveitarstjórar sveitarinnar sem túlkuðu verkið, þeir Jean-Pierre Jacquillat (1980), Petri Sakari (1989), Osmo Vänskä (1995) og Rumon Gamba (2002). James Gaffigan stjórnaði verkinu árið 2008, George Benjamin árið 2014 og Daníel Bjarnason 2015. Síðast en ekki síst flutti Ungsveit Sinfóníu-hljóm sveitar Íslands verkið haustið 2013 undir stjórn Petri Sakari.

Lieder aus „Des Knaben Wunderhorn“

Wer hat dies Liedlein erdacht?

Dort oben am Berg in dem hohen Haus,
Da gucket ein fein's, lieb's Mädel heraus,
Es ist nicht dort daheime!
Es ist des Wirts sein Töchterlein,
Es wohnt auf grüner Heide.

„Mein Herzle ist wund.
Komm', Schätzle, mach's g'sund!
Dein schwarzbraune Äuglein,
Die hab'n mich verwund't!

Dein rosiger Mund
Macht Herzen gesund.
Macht Jugend verständig,
Macht Tote lebendig,
Macht Kranke gesund.“

Wer hat denn das schöne Liedlein erdacht?
Es haben's drei Gäns' übers Wasser gebracht!
Zwei graue und eine weiße!
Und wer das Liedlein nicht singen kann,
Dem wollen sie es pfeifen!

Wo die schönen Trompeten blasen

Wer ist denn draußen und wer klopfet an,
Der mich so leise wecken kann?
Das ist der Herzallerliebste dein,
Steh' auf und laß mich zu dir ein!

Was soll ich hier nun länger steh'n?
Ich seh' die Morgenröt' aufgeh'n,
Die Morgenröt', zwei helle Stern.
Bei meinem Schatz da wär' ich gern!
Bei meinem Herzallerlieble!

Das Mädchen stand auf und ließ ihn ein;
Sie heißt ihn auch willkommen sein.
Willkommen, liebster Knabe mein!
So lang hast du gestanden!

Sie reicht' ihm auch die schneeweiße Hand.
Von ferne sang die Nachtigall;
das Mädchen fing zu weinen an.

Söngvar úr „Undrahorni piltsins“

Hver orti þetta kvæði?

Þarna uppi á fjalli í húsinu háa
horfir falleg og elskuleg stúlka út um gluggann.
En hún á ekki þarna heima!
Þetta er heimasætan á kránni
og býr uppi á grænni heiði.

„Hjarta mitt er í sárum.
Komdu, ljúfan, og græddu það skjótt.
Svarbrúnu augun þín
hafa sært mig!

Rósrauður munnur þinn
hressir við hjörtun,
vitkar æskuna,
lífgar þá dauðu
og lækna þá sjúku.“

Hver orti þetta fallestu litla kvæði?
Þrjár gæsir komu með það yfir vatnið!
Tvær gráar og ein hvít!
Og ef einhver getur ekki sungið það
ætla þær að blístra það fyrir hann!

Þar sem lúðrarnir fögru gjalla

Hver er fyrir utan og hver ber að dyrum
og vekur mig svona ofurhljóðlega?
Það er ástfölginn unnustinn þinn,
farðu á fætur og ljúktu upp.

Til hvers ætti ég að bíða hér lengur?
Ég sé ároðann renna upp,
ároðann og tvær bjartar stjörnur.
Ég vildi ég væri hjá elskunni minni!
Hjá elsku hjartans ástinni minni!

Stúlkan reis upp og opnaði lokuna,
og hún bauð hann velkominn.
Velkominn, elsku pilturinn minn!
Þú ert búinn að bíða svo lengi!

Hún rétti honum mjallhvíta hönd.
Næturgalinn söng í fjarska,
og stúlkan fór að gráta.

Ach weine nicht, du Liebste mein,
Aufs Jahr sollst du mein eigen sein.
Mein eigen sollst du werden gewiß,
Wie's keine sonst auf Erden ist!
O Lieb auf grüner Erden.

Ich zieh' in Krieg auf grüne Haid';
Die grüne Haide, die ist so weit.
Allwo dort die schönen Trompeten blasen,
Da ist mein Haus von grünem Rasen.

Des Antonius von Padua Fischpredigt

Antonius zur Predigt
Die Kirche find't ledig!
Er geht zu den Flüssen
und predigt den Fischen!
Sie schlagen mit den Schwänzen!
Im Sonnenschein glänzen!

Die Karpfen mit Rogen
Sind all' hierher zogen,
Hab'n d'Mäuler aufrissen,
Sich Zuhörn's beflissen!
Kein Predigt niemalen
Den Fischen so g'fallen!

Spitzgoschete Hechte,
Die immerzu fechten,
Sind eilends herschwommen,
Zu hören den Frommen!
Auch jene Phantasten,
Die immerzu fasten:
Die Stockfisch ich meine,
Zur Predigt erscheinen;
Kein Predigt niemalen
Den Stockfisch so g'fallen!

Gut Aale und Hausen,
Die vornehme schmausen,
Die selbst sich bequemen,
Die Predigt vernehmen!
Auch Krebs, Schildkroten,
Sonst langsame Boten,
Steigen eilig vom Grund,
Zu hören diesen Mund!
Kein Predigt niemalen
den Krebsen so g'fallen!

Ó gráttu ekki, ástin mín,
að ári munum við eigast.
Þú munt vissulega verða mín
og engin önnur á þessari jörðu!
Ó ást á grænni jörðu!

Ég fer í stríð á grænni heiði,
heiðin græna, hún er svo víð.
Þar sem lúðrarnir fögru gjalla,
þar er hús mitt úr grænni torfu.

Fiskipredikun Antóníusar frá Padóvu

Þegar Antóníus ætlar að predika
finnur hann kirkjuna tóma.
Hann gengur niður að fljótinu
og predikar yfir fiskunum.
Þeir kasta til sporðunum
og glampa í sólskininu!

Hrognfullir karfar
eru allir komnir hingað,
hafa glennt upp ginið,
og hlusta af kappi.
Engin predikun hefur nokkrusinni
líkað fiskunum svona vel!

Oddtrjónaðar geddur,
sem berjast í sífellu,
hafa synt hingað í flýti
til að hlusta á guðsmanninn.
Einnig þessir skýjaglópar
sem eru sífellt fastandi,
ég meina þorskana,
eru mættir til predikunarinnar;
engin predikun hefur nokkrusinni
líkað þorskunum svona vel!

Góðir álar og styrjur,
sem heldra fólk gæðir sér á,
láta tilleiðast
að hlusta á predikunina.
Líka krabbar og skjaldbökur,
sem eru venjulega hægfara,
klifra í flýti upp af botninum
til að hlýða á þennan munn.
Engin predikun hefur nokkrusinni
líkað kröbbunum svona vel!

Fisch' große, Fisch' kleine,
Vornehm und gemeine,
Erheben die Köpfe
Wie verständ'ge Geschöpfe!
Auf Gottes Begehren
Die Predigt anhören!

Die Predigt geendet,
Ein jeder sich wendet.
Die Hechte bleiben Diebe,
Die Aale viel lieben;
Die Predigt hat g'fallen.
Sie bleiben wie Allen!

Die Krebs geh'n zurücke,
Die Stockfisch' bleib'n dicke,
Die Karpfen viel fressen,
die Predigt vergessen!
Die Predigt hat g'fallen.
Sie bleiben wie Allen!

Urlicht

O Röschen rot!
Der Mensch liegt in größter Not!
Der Mensch liegt in größter Pein!
Je lieber möcht' ich im Himmel sein!
Da kam ich auf einen breiten Weg,
Da kam ein Engelein und wollt' mich abweisen.
Ach nein, ich ließ mich nicht abweisen!
Ich bin von Gott, und will wieder zu Gott!
Der liebe Gott wird mir ein Lichtchen geben,
Wird leuchten mir bis an das ewig selig' Leben!

Stórir fiskar, litlir fiskar,
tignir og lítilsigldir,
lyfta upp hausunum
eins og viti bornar skepnur.
Til að þóknast guði
með að hlýða á predikunina!

Að lokinni predikun
snúa allir til baka.
Geddurnar halda áfram að stela,
álarnir elskast ákaflega.
Predikunin féll í geð.
En þeir haga sér eins og allir!

Krabbarnir ganga afturábak,
þorskarnir eru áfram feitir,
karfarnir éta ósköpin öll,
predikunin er gleymd.
Predikunin féll í geð.
En þeir haga sér eins og allir!

Frumljós

Ó litla rauða rós!
Mannkynið hvílir í ákafri neyð!
Mannkynið hvílir í ákafri kvöl!
Miklu heldur vildi ég vera á himnum!
Þar rataði ég á breiðan veg,
þá kom engill og vildi vísa mér á braut.
Æ nei, ég lét ekki vísa mér á braut!
Ég kem frá Guði og vil aftur til Guðs!
Góður Guð gefur mér svolítið ljós,
það lýsir mér inn í eilíft sælulíf!

Der Schildwache Nachtlid

„Ich kann und mag nicht fröhlich sein!
Wenn alle Leute schlafen,
So muß ich wachen!
Muß traurig sein!“

„Lieb' Knabe, du mußt nicht traurig sein!
Will deiner warten,
Im Rosengarten,
Im grünen Klee.“

„Zum grünen Klee, da geh' ich nicht!
Zum Waffengarten
Voll Helleparten
Bin ich gestellt!“

„Stehst du im Feld, so helf' dir Gott!
An Gottes Segen
Ist alles gelegen!
Wer's glauben tut!“

„Wer's glauben tut, ist weit davon!
Er ist ein König!
Er ist ein Kaiser!
Er führt den Krieg!“

Halt! Wer da? Rund'!
Bleib' mir vom Leib!
Wer sang es hier?
Wer sang zur Stund'?
Verlorne Feldwacht
Sang es um Mitternacht!
Mitternacht! Feldwacht!

Úr „Des Knaben Wunderhorn“

Næturljóð varðmannsins

„Ég get ekki verið og vil ekki vera glaður!
Þegar allir sofa
þá verð ég að vaka,
verð að vera dapur!“

„Æ piltur minn, þú mátt ekki vera dapur!
Ég skal bíða þín
í rósagarðinum
í grænni smárabreiðu.“

„Í græna smárann fer ég ekki!
Í vopnagarðinum,
sem er krökkur af bryntröllum,
hefur mér verið skipað niður.“

„Standir þú á vígvellinum, þá hjálpi þér guð!
undir blessun guðs
er allt komið!
Hver sem trúir því!“

„Sá sem trúir því er langt í burtu!
Hann er konungur!
Hann er keisari!
Hann heyrir stríðið!“

Stanz! Hver er þar? Vaktin!
Haldið ykkur frá mér!
Hver var að syngja hér?
Hver var að syngja rétt í þessu?
Örvilnaður hervaktari
var að syngja um miðnæturbil!
Miðnæturbil! Hervaktari!

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson

Á DÖFINNI

FIM 05 MAR 19:30



MAHLER OG SIBELIUS 70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

Í mars 2020 verða 70 ár liðin frá því að Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu tónleika. Af því tilefni verður efnt til hátíðartónleika þar sem fiðlukonsert Sibelíusar og fyrsta sinfónía Mahlers hljóma ásamt sjaldheyrðu verki eftir Pál Ísólffsson sem var einn helsti hvatamaður að stofnun Sinfóníuhljómsveitarinnar. *Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar* er sérlega áheyrileg og skemmtileg leikhústónlist, samin við leikgerð Halldórs Laxness. Einleikari er Augustin Hadelich og hljómsveitarstjóri Eva Ollikainen.

FIM 12 MAR 19:30



RÚSSNESK VEISLA

Rúmur áratugur er síðan rússneski píanósnillingurinn Olga Kern lék síðast á Íslandi og hafa margir unnendur píanóleiks beðið endurkomu hennar með óþreyju. Tónlist Rakhmanínovs er eins konar sérgrein hennar og í þetta sinn flytur hún þriðja píanókonsert meistarans. Á efnisskránni eru einnig verk eftir tvo aðra rússneska meistarara: *Rómeó og Júlía*, fantasíuforleikur, eftir Tsjajkovskíj og *Eldfuglinn* eftir Stravinskíj. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímánn Bjarnason, sem hefur getið sér einkar gott orð fyrir frammistöðu sína undanfarin misseri.

FIM 19 MAR 19:30



MOZART OG KURT WEILL

Þessir tónleikar verða með nokkuð óvenjulegu sniði því að blásarasveit Sinfóníuhljómsveitarinnar verður hér í sviðsljósinu. Á fyrri hluta tónleikanna má heyra *Sinfóníur fyrir blásara* eftir Ígor Stravinskíj sem hann samdi árið 1920 í minningu Debussys og *Konsert fyrir fiðlu og blásara* eftir Kurt Weill í meðförum bandaríska fiðluleikarins Erin Keefe. Hljómsveitarstjórinn, Osmo Vänskä, er frábær klarínnettuleikari og á seinni hluta tónleikanna tekur hann sér sæti meðal blásaranna og leikur með í hinni guðdómlegu serenöðu Mozarts fyrir 13 blásara og kontrabassa.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

21. FEBRÚAR 2020

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Justyna Bidler
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Pascal La Rosa
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laura Liu
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Andrzej Kleina

2. FIÐLA

Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Ísak Ríkharðsson
Christian Diethard
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Þórdís Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Łucja Koczot
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Ásta Kristín Pjetursdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Hrafncell Orri Egilsson
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Xun Yang
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan
Páll Hannesson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Marie-Christine Gitman
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Ármann Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Louisa Slosa
Bryndís Þórsdóttir
Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Stefano Flaibani
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson
Vilhjálmur Ingi Sigurðarson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Svanhvit Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*
Júlija Aradóttir *fulltrúi*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjórdís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tækni mála*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÖRFÁ SÆTI LAUS

FIMMTUDAGUR 5. MARS 19:30

70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

Páll Ísólffsson Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar

Jean Sibelius Fiðlukonsert

Gustav Mahler Sinfónía nr. 1


Eva Ollikainen
hljómveitarstjóri

Augustin Hadelich
einleikari

Í mars 2020 verða 70 ár liðin frá því að Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu tónleika. Af því tilefni verður efnt til hátíðartónleika þar sem hljóma stórvirki eftir Sibelius og Mahler, en einnig sjaldheyrta verk eftir Pál Ísólffsson sem var frumkvöðull í íslensku tónlistarlífi og einn helsti hvatamaður þess að Sinfóníuhljómsveitin var stofnuð á sínum tíma. Einleikari kvöldsins er hinn ítalski Augustin Hadelich sem hefur á síðustu árum skipað sér í fremstu röð fiðluleikara á heimsvísu og um tónsprotann heldur Eva Ollikainen sem tekur við í stöðu aðalhljómveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands í byrjun næsta starfárs.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Míðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó